

BREYTING Á BÚÐARHÁLSLÍNU 1, ÁSAHREPPI OG RANGÁRÞINGI YTRA

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að breyting á Búðarháslínu 1, Ásahreppi og Rangárþingi ytra sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Ásahrepps og Rangárþings ytra skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. og leyfi Orkustofnunar skv. 9. gr. raforkulaga nr. 65/2003. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir staðfesting á breytingu á Aðalskipulag Ásahrepps 2002-2014 og Aðalskipulag Rangárþings ytra 2002-2014 svo og breyting á deiliskipulagi Búðarhálsvirkjunar og Búðarháslínu 1, dags. 14.02.2001. Skipulagsbreytingarnar eru háðar lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Landsnet og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 6. september 2010.

INNGANGUR

Pann 9. júlí 2010 tilkynnti Landsnet breytingu á Búðarhálslínu 1 í Ásahreppi og Rangárþingi ytra til Skipulagsstofnunar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 13 a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Ásahrepps og Rangárþings ytra, Orkustofnunar, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar.

Umsagnir bárust frá Ásahreppi og Rangárþingi ytra með sameiginlegu bréfi dags. 27. júlí 2010, Orkustofnun með bréfi dags. 26. júlí 2010, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 26. júlí 2010 og Vegagerðinni með bréfi dags. 26. júlí 2010. Frekari upplýsingar bárust frá Landsneti með bréfi dags. 30. júlí 2010.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd.

Fram kemur í tilkynningu framkvæmdaraðila að í deiliskipulagi fyrir Búðarhálsvirkjun sé gert ráð fyrir að Búðarhálslína 1, 220 kV, muni liggja frá stöðvarhúsi Búðarhálsvirkjunar uppá Búðarháls og yfir Tungnaá rétt austan við Hald og síðan samhliða núverandi háspennulínunum að tengivirki við Sultartangastöð. Fyrirhuguð breyting felist í því að línan verði lögð beint í suður yfir Búðarháls að Hrauneyjafosslínu 1 og yfir Tungnaá rúmum 3 km austar en áður hafi verið gert ráð fyrir. Þar sem Búðarhálslína 1 og Hrauneyjafosslína 1 mætist sé gert ráð fyrir að byggt verði tengivirki og skapist við það nýir tengimöguleikar fyrir Sprengisandslínu eða línu frá hugsanlegum virkjunum við Hágöngur. Frá tengivirkinu, verði af breytingunni, muni bygging línunnar frá tengivirkinu að Sultartangavirkjun frestast um einhverj ár. Hægt verði að áfangaskipta framkvæmdunum. Þá leiði þetta til þess að frá tengivirkinu að Sultartangavirkjun verði einni línu færra í framtíðinni, þ.e. þrjár í stað fjögurra. Leggja þurfi vegslóða að möstrum línunnar og verði núverandi slóðar á Búðarhálsi nýttir eins og kostur sé.

Tilgangur framkvæmdarinnar sé að einfalda línukerfið á svæðinu og minnka sjónræn áhrif Búðarhálslínu 1 á Búðarhálsi.

Fram kemur að háspennulína staðsett á fyrirhugaðri leið, þvert yfir Búðarháls, muni hafa minni sjónræn áhrif en væri hún lögð út eftir Búðarhálsi samkvæmt fyrri áformum. Við byggingu línunnar verði fyrirbyggjandi vegslóðir nýttar eins og kostur sé en nýjar slóðir að möstrum verði um 4 km í stað rúmlega 3,5 km samkvæmt fyrri áformum. Bæði línustæðin liggi að hluta til um gróið land en nýja línustæðið um heldur grónara land, rask á grónu landi verði um 1,5 ha í stað 1,3 ha miðað við fyrri áform. Lóð tengivirkis sé á ógrónu landi. Samkvæmt aðalskráningu fornminja á Holtamannafrétti séu engar minjar á fyrirhuguðu línustæði.

Samræmi við skipulagsáætlanir. Fram kemur að fyrirhuguð breyting á línustæði Búðarhálslínu 1 kalli á breytingu á aðalskipulagi Ásahrepps og Rangárþings ytra og á deiliskipulagi Búðarhálsvirkjunar. Líklega þurfi ekki að breyta svæðisskipulagi miðhálandis Íslands, enda verði gerðar breytingar á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélaga.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Í umsögnum Ásahrepps, Rangárþings ytra, Orkustofnunar, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar kemur fram það álit að fyrirhuguð framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í umsögn Orkustofnunar er bent á að leyfi stofnunarinnar þarf til að reisa nýjar raflínur sem flytja raforku á 66 kV spennu eða hærrí, sbr. 2. mgr. 9. gr. raforkulaga nr. 65/2003. Í leyfi geti Orkustofnun sett skilyrði sem lúta að umhverfisvernd og landnýtingu. Verði af byggingu Búðarhálsvirkjunar þurfi að styrkja raforkukerfið á umræddu landssvæði og til þess að fá leyfi fyrir nýjum raflínum muni flutningsfyrirtækið þurfa að sýna fram á aðsemi framkvæmdarinnar. Þá þurfi rekstraröryggi að vera gott.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að stofnunin telur að sjónræn áhrif af háspennulínunni verði minni, verði hún staðsett eins og nú er kynnt, miðað við áformaða fyrri legu yfir Búðarháls.

Að öðru leyti koma ekki fram sérstakar athugasemdir við framkvæmdina.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða breytingu á fyrirhugaðri legu Búðarhálsínu er felst í því að línan verði lögð beint í suður yfir Búðarháls að Hrauneyjafosslínu 1 og yfir Tungnaá rúmum 3 km austar en áður var gert ráð fyrir. Þar sem Búðarhálslína 1 og Hrauneyjafosslína 1 mætast er gert ráð fyrir að byggt verði tengivirki og skapast við það nýir tengimöguleikar fyrir Sprengisandslínu eða línu frá hugsanlegum virkjunum við Hágöngur. Hægt verður að áfangaskipta framkvæmdunum. Þá leiðir þetta til þess að frá tengivirkinu að Sultartangavirkjun verði einni línu færra, þ.e. þrjár í stað fjögurra. Leggja þarf vegslóða að möstrum línunnar og verða núverandi vegslóðar á Búðarhálsi nýttir eins og kostur er.

Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13 a í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdarinnar á landslag og sjónræn áhrif verði ekki veruleg og minni en af lagningu línunnar samkvæmt fyrri tilhögun. Áhrif framkvæmdarinnar á gróður verði ekki veruleg þó heldur meira gróðurlendi raskist en samkvæmt fyrri tilhögun.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Landsnets við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Landsnets vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að breyting á Búðarhálslínu 1 í Ásahreppi og Rangárþingi ytra sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Ásahrepps og Rangárþings ytra skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. og leyfi Orkustofnunar skv. 9. gr. raforkulaga nr. 65/2003. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir staðfesting á breytingu á Aðalskipulag Ásahrepps 2002-2014 og Aðalskipulag Rangárþings ytra 2002-2014 svo og breyting á deiliskipulagi Búðarhálsvirkjunar og Búðarhálslínu 1, dags. 14.02.2001. Skipulagsbreytingarnar eru háðar lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlaða.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Landsnet og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á áðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 6. september 2010.

Þóroddur F. Þóroddsson

Sigurður Ásbjörnsson

